



Til: egill@skipulag.is, "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>
Efni: Framleiðsluaukning Laxa fiskeldis um 4.000 tonn á nýjum eldissvæðum í Reyðarfirði og Eskifirði matsáætlun
Upplýsingar: Sent: 25-06-2019 08:10:56 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060008, Bréfalyklar: 42-2 um matsskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2019060008

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu Laxa fiskeldis um 4.000 tonn á laxi í sjókvíum í Reyðarfirði og Eskifirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda matsáætlun og telur að í henni sé komið inn á flest það sem fjalla þarf um í matsskýrslu en vill þó benda á eftirfarandi atriði. Í matsáætluninni í kafla 3.1. bls. 14 er ekki fjallað um lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 en eðlilegt er að fjallað sé um þau og stöðu þeirra í þessu sambandi. Einnig vill Náttúrufræðistofnun benda á hér, eins og í matsáætlun sama aðila um fiskeldi í Fáskrúðsfirði, að lög um náttúruvernd nr. 60/2013 gilda jafnt í hafi sem og á landi þó ákveðin sérlög eins og t.d. lög um fiskeldi gildi sérstaklega um það. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á að í kafla 5.3.3, Villtir laxfiskar, sem fjallar um mögulegar slysasleppingar og erfðablöndun er ekki talin ástæða til að vísa til viðmiða í lögum um náttúruvernd t.d. um vernd tegunda eða hafa tilvísun í samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (en það er gert í kafla 5.3.2). Í þessu sambandi er einnig ástæða til að nefna sérstaklega erfðaauðlindir og vernd erfðaauðlinda. Vegna erfðaauðlinda má t.d. vísa í umsögn Erfðanefndar landbúnaðarins um frumvarp til laga um fiskeldi sem framkvæmdaraðila er vafalaust kunnugt um.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda séu eftirfarandi lagagreinar og viðmið í lögum um náttúruvernd skoðuð þó þau geti ýmist átt við eða ekki:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/rekstur samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (**Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir**) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og viðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. **Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd**, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvíst og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., **63. grein um framandi lífverur** og svo kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mati á umhverfisáhrifum byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

